

## LÖG

### um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 202. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við 206. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört Bessastöðum, 27. apríl 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Ragna Árnadóttir.*